

Takmarkanir vegna heimsfaraldurs - ágúst - 1.október 2021

Vegna heimsfaraldurs Covid 19 veirunnar, eru nokkrar takmarkanir í skólstarfinu.

- Grímuskylda er fyrir foreldra og forráðamenn svo og aðra gesti inna skólans. Gestir skulu ekki nota kaffiaðstöðu eða salerni. Merking á útidyrum varðandi þetta.
- Við höfum skipt nemendum í þrjá hópa eða hólf. Nemendur á yngsta stigi mynda eitt hólf, nemendur í 4.-6.bekk mynda annað hólf og síðasta hólfíð eru nemendur í 7.-10.bekk. Hvert hólf er ákveðið svæði í skólanum og eiga nemendur hvers hóps að halda sig þar. Nemendur í 7.-10.bekk ganga inn í skólann um með miðstigi, en þaðan upp stigann og í sínar stofur. Í innfrímínútum eiga nemendur að vera á sínu svæði, þ.e. fyrir utan stofur og á bókasafnsgangi. (Ekki í matsal í morgunfrímínútum, höfum opið inn í í 10.bekkjarstofur - gæsla sér um eftirlit. Þjóðum ávexti.) Nemendur á í elsta hópnum eiga ekki að vera á miðstigsgangi í frímínútum.
- Í matsal fer hver árgangur á ákveðið skömmtunaborð, þ.e. allir eiga að fylgja sínum hóp. Þetta er gert svo að skipta megi um áhöld á milli hópa.
- Handþvottur yfir skóladaginn. Handþvottur er í upphafi dags, fyrir nesti og hádegismat.
- Á við um starfsmenn og nemendur: Ef við erum með flensueinkenni er mikilvægt að við komum ekki í skólann, því að þá er hættu á að við smitum aðra. Eins ef einhver á heimilinu fer í sýnatöku vegna covid, þá eigum við að vera heima þar til fyrir liggur hver niðurstaðan er.
- Handspritt við alla innganga og í öllum kennslustofum.
- Farið yfir borð í lok hvers dags með sápuvatni, virkja nemendur í þetta. Einnig þarf að fara yfir borð í verkgreinastofum.
- Starfsmenn í matsal – sem sitja ekki með nemendum- með grímur. Jafnframt starfsmenn á göngum/gæslu þegar verið er að hleypa nemendum inn og út þ.e. meira en 100 nemendur í rými.

- Starfsmönnum skipt á kaffistofur til 14.sept amk. Yngsta stig niðri á yngsta stigs gangi, miðstig á miðstigsgangi og elstastig, íþróttakennarar og vergreinakennarar á kaffistofu.
- Starfsmenn, sem ekki matast með nemendum, matist þar sem hægt er að gæta 1 m reglu t.d. á kaffistofu, frammi við ávaxtabúr, skólaliðar í fundarherbergi milli 12:00 og 12:30.
- Ljósritun og vinnuaðstaða opin fyrir alla starfsmenn sem það þurfa að nota. Muna að fara yfir borð með sápuvatni - þarf að vera á staðnum og spritt.
- Bíða með að blanda árgöngum á val og svæði til 14.sept.